

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 28. febrúar 2024
Tilvísun: 202401159 / 3.4

Efni: Deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar, Fjallabyggð

Fjallabyggð hefur, með erindi dags. 29. janúar 2024, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 1. desember 2023. Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum auk umsagna frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 26. janúar 2024.

Í deiliskipulaginu felst að áformað er að þetta núverandi byggð og skilgreina byggingarheimildir á óbyggðum lóðum. Svæðið er að mestu innan skilgreinds hættusvæðis A eða B eftir byggingu varnargarða.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð og á uppdrætti í mkv. 1: 1:000 dags. Bæði uppdráttur og greinargerð eru dagsett 2. október 2023, uppfært 22. desember 2023. Einnig fylgir með húsaskráning vegna deiliskipulags suðurbæjar Siglufjarðar, vegna umsagnaskyldra húsa, dagsett 22. desember 2023.

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi atriða:

- Í umsögn Veðurstofu Íslands er lagt til að ekki verði byggt á lóðum nr. 79, 81, 83, 85, 87, 89, 93 og 95 við Suðurgötu og ekki á lóðum nr. 64 og 67 við Háveg. Í umsögninni er jafnframt vísað til 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þar sem fram kemur að eftir að viðurkennd varnarmannvirki hafi verið reist sé heimilt að meta að bærum aðilum hvort til greina komi að þetta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.
- Í endurskoðaðri og endanlega samþykktri tillögu sem stofnunin fékk til yfirferðar er aðeins brugðist að hluta til við umsögn Veðurstofu Íslands eða felldar út tvær lóðir við Suðurgötu og tvær við Háveg.
- Í deiliskipulaginu er bæði gert ráð fyrir þéttingu á stökum lóðum en við Suðurveg er gert ráð fyrir uppbyggingu í samfelldri röð húsa á svæði þar sem ekki hafa áður verið skilgreindar lóðir fyrir íbúðarhús. Ekki hefur verið fallið frá áformum um nýbyggingar á lóðum nr. 79, 81, 83, 85, 87 og 89 við Suðurgötu, eins og mælt er til í umsögn Veðurstofu dags. 23. nóvember 2023. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að endurskoða tillöguna með tilliti til þess sem fram kemur í umsögn Veðurstofu Íslands eða að öðrum kosti setja sérstaka fyrirvara í skilmála deiliskipulags um að ekki verði byggt á viðkomandi lóðum fyrr en fyrir liggur að viðurkennd varnarmannvirki hafi verið reist og þau metin af bærum aðilum (sbr. 10 gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum).
- Afla þarf umsagnar Veðurstofu Íslands að nýju um endanlega deiliskipulagstillögu.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Berglind Sigurðardóttir

